

Nr. 17-094 S 071 Sæmundur Fróði RE 32**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2138
Útgerð: Háskóli Íslands
Smíðaður: Hafnarfjörður, 1991, plast
Stærð: 8,27 bt.
Mesta lengd: 9,13 m Skráð lengd: 9,10 m
Breidd: 3,22 m Dýpt: 1,42 m
Vél: CUMMINS 187 kW, 1997
Fjöldi skipverja: 3



Sæmundur Fróði©NN

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 20. júní 2017 var Sæmundur Fróði RE 32 í Hvalfirði. Veður: SSV 4,8 m/s.

Báturinn varð vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Þórður Kristjánsson dró bátinn til hafnar í Reykjavík.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn varð olíulaus en olímælirinn sýndi annað;
- að báturinn var í sinni annarri ferð hjá nýjum eiganda;
- að enginn var lögskráður á bátinn en skipstjórinn taldi sig hafa heimild til að lögskrá ekki á hann;
- að fram kom hjá Samgöngustofu að samkvæmt núgildandi lögum er skylda að lögskrá á bátinn og ekki hafði verið óskað eftir undanþágu frá því af eiganda bátsins til Samgöngustofu.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en átelur að ekki hafi verið farið að lögum um lögskráningu skipverja.